

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði og lögtaksgerð skal óraskað.

Áfrýjandinn Kristinn Þorleifsson greiði stefnda borgarstjóra Páli Einarssyni fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur málskostnað 20 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 31/1913

Jón Jóhannsson
 gegn
 borgarstjóra Páli Einarssyni
 fyrir hönd bæjarstjórnar
 Reykjavíkur.

D ó m u r:

Samkvæmt reikningi bæjargjaldkerans í Reykjavík, dags. 1. sept. f. á., var áfrýjandinn Jón Jóhannsson öku- maður krafinn um salernishreinsunargjald fyrir tímabilið frá 1. júlí til 31. desbr. f. á. að upphæð 7 kr. 50 aur., en er hann neitaði að greiða það, krafðist stefndi, að gjaldið væri tekið lögtaki, og var þá af fógetarétti Reykjavíkur hinn 20. maí þ. á. úrskurðað, að gjaldið skyldi tekið lögtaki, og fór síðan lögtakið fram hinn 26. s. m., þannig að lögtaki var tekið stofuborð hjá áfrýjanda. Úrskurði þessum og lögtaksgerð hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. maím. þ. á., og krafist þess, að réttargerðir þessar verði úr gildi feldar, þannig

að hann verði eigi talinn skyldur að greiða hið umrædda gjald, svo og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan af málinu leiðandi kostnað. Hinn stefndi borgarstjóri Páll Einarsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að úrskurðurinn og lögtaksgerðin verði staðfest, að áfryjandi verði dæmdur til að greiða hið umrædda gjald, og að hann verði dæmdur til að greiða allan málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Með lögum nr. 42, 11. júlí 1911, 5. gr., er bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að taka að sér salernahreinsun í öllum bænum eða nokkrum hluta hans, og má hún fela einstökum mönnum eða félögum að framkvæma hreinsunina. Í lögnum er svo ennfremur ákveðið, að til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, megi leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir. Gjaldskrá þessi hefir verið samin og staðfest af stjórnarráðinu 18. maím. f. á., og jafnframt tók bæjarstjórnin að sér salernahreinsun í öllum bænum samkvæmt nýnefndum lögum. En áfryjandi skorast undan að greiða hið umkrafða gjald fyrir þá sök, að hreinsun hafi aldrei farið fram hjá honum né fyrir hans hús. Hreinsunarmaður bæjarstjórnarinnar hefir og skýrt frá því, að eigi hafi verið mögulegt að framkvæma hreinsunina hjá áfryjanda, með því að hann hafi ávalt, er hreinsa bar hjá honum, annaðhvort haldið salerninu lokuðu, svo hreinsunin var óframkvæmanleg, eða þá sjálfur verið búinn að taka allan saur úr salerninu. Þessi skýrsla hefir eigi verið vefengd, og er það þannig sök áfryjanda, að hreinsunarmaður bæjarins hefir eigi hreinsað hjá honum, en hann tjáist hafa reynt að framkvæma hreinsunina þar,

Þegar hreinsa bar á Laugaveginum, þar sem hús áfrýjanda er. Þar sem þannig eigi verður álitid, að nein vanræksla hafi átt sér stað af hálfu hreinsunarmanns, og að það hins vegar hefir verið sök áfrýjanda, að eigi var hreinsað hjá honum, þá getur hann eigi skorast undan að greiða hið umkrafa gjald, en um upphæð þess hefir eigi verið neinn ágreiningur. Það verður því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð, og eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 20 krónur.

Dví dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða fógetaréttarúrskurði og lögtaksgerð skal óraskað. Áfrýjandi Jón Jóhannsson greiði stefnda borgarstjóra Páli Einarssyni fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur 20 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 29. september.

Nr. 34/1913.

Réttvísinn

gegn

Tómasi Jónssyni, Jóni Jónssyni og Stefáni Jónssyni.

Dómur:

Með aukaréttardómi Skagafjarðarsýslu 5. maí þ. á. voru hinir ákærðu bræður, Tómas Jónsson á Syðri-Hof-